



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 05.02. '19

Úrskurður aganefndar 5. febrúar 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Einar Jónsson aðstoðarþjálfari Hauka U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik HK og Hauka U í mfl. ka. þann 3.2. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a. Niðurstaða aganefndar er að þjálfarinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Sindri Mátsson leikmaður Hauka U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik HK og Hauka U í mfl. ka. þann 3.2. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a. Niðurstaða aganefndar er að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
3. Arnar Jón Agnarsson leikmaður Gróttu hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Gróttu og FH í mfl. ka. þann 3.2. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a. Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
4. Jóhann Birgir Ingvarsson leikmaður FH hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Gróttu og FH í mfl. ka. þann 3.2. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 b). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það afstaða aganefndar að leikmaðurinn skuli nú úrskurðaður í eins leiks bann en með hliðsjón af ákvæði 3. gr. sömu reglugerðar er málinu að öðru leyti frestað í sólarhring meðan beðið er sjónarmiða og athugasemda viðkomandi félags í málinu. Málið verður aftur tekið fyrir á fundi aganefndar á morgun, miðvikudaginn 6. febrúar 2019.
5. Aron Fannar Sindrason leikmaður Fram U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Fram U og Fjölnis U í mfl. ka. þann 4.2. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a. Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 7. febrúar 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

